

Föstudaginn 9. janúar 1976.

Nr. 166/1975. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Þorsteini Vilhelmssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Líkamsárás. Ákvörðun um refsingu frestað.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Bogi Nílsson héraðs-
dómari á Akureyri.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að
staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með
talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og laun verj-
anda síns fyrir Hæstarétti, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorsteinn Vilhelmsson, greiði allan áfrýjunar-
kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkis-
sjóð, 30.000 krónur, og laun verjanda síns fyrir Hæsta-
rétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlög-
manns, 30.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 26. febrúar 1975.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er höfðað með
ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 24. maí 1974, „á hendur
Þorsteini Vilhelmssyni, stýrimanni, Laugargötu 2, Akureyri,
fæddum 2. maí 1952 á Akureyri, fyrir líkamsárás samkvæmt 218.

gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa, laust eftir kl. 02.00 aðfaranótt sunnudagsins 27. maí 1973, er hann var staddur á mótum Geislagötu og Gránufélagsgötu á Akureyri, slegið þar til Björns Þorkelssonar, Lyngholti 4, Akureyri, svo að Björn féll í götuna, og slegið svo og sparkað í hann þar liggjandi. Af líkamsárás þessari varð Björn fyrir líkams- og heilsutjóni, hlaut heilahristing og blæðingu á heila, glóðarauga á bæði augu og hefur orðið fyrir sjóntruflunum vegna skaða á sjóntaugum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 27. maí 1973 voru lögregluþjónarnir Þorsteinn Pétursson og Ófeigur Baldursson á verði við Sjálfstæðis- húsið, þar sem nýlokið var almennum dansleik. Gerðist þá atvik það, sem mál þetta er risið út af, og lýsir Þorsteinn Pétursson lögregluþjónn því þannig í skýrslu sinni: „Norðantil á mótum Geislagötu og Gránufélagsgötu sá ég og þekkti Þorstein Vilhelmsson, Ránargötu 23, Akureyri, f. 3/5 1952, ásamt eiginkonu sinni. Voru þau á tali við mann, sem ég síðar þekkti sem Björn Þorkelsson, Lyngholti 4, Akureyri, f. 16/7 1933. Þorsteinn og Björn virtust báðir vera ölvaðir, Björn þó öllu meira. Skyndilega slær Þorsteinn til Björns, sem fellur fram yfir sig og lendir með andlitið harkalega í götuna. Ekki rótaði Björn sér eftir fallið, en Þorsteinn beygði sig niður að honum og sló í bak hans, reis síðan á fætur og sparaði tvisvar eða þrisvar í vinstri síðu hans. Þá var undirritaður kominn til Þorsteins og varnaði því, að hann ynni Birni frekara mein. Þorsteinn veitti ekki mótþróa við lögregluna, en var æstur og orðillur. Þorsteinn var fluttur á lögreglustöðina og færður fyrir Erling Pálmason, varðstjóra. Að afloknu viðtali við varðstjóra var Þorsteini ekið heim. Þorsteinn sagði orsökina fyrir því, að hann hefði slegið Björn, vera þá, að Björn hefði haft móðgandi orð í garð móður sinnar.

Eins og fyrr greinir, féll Björn í götuna, og rótaði hann sér ekki. Töluvert blóð rann úr skurði, sem komið hafði á enni Björns, einnig var smá skurður á vinstra eyra hans. Þá höfðu höggvist sundur buxur á hnúi Björns og skrámur voru á hnénu.

Björn var þegar fluttur á sjúkrahúsið.

Sjónarvottar að atviki þessu voru Bjarni Jónsson, Sólvöllum 3, Akureyri, 20 ára, og Haukur Leifsson, Hrafnagilsstræti 34, Akureyri, 45 ára“.

Þorsteinn Pétursson lögregluþjónn hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi með þeirri einu leiðréttingu, að ákærða hafi ekki verið ekið heim af lögreglustöðinni, heldur hafi honum verið leyft að fara heim til sín gegn því skilyrði, að hann settist þar um kyrrt. Þá kvaðst vitnið ekki hafa heyrt, hvaða orð fóru á milli ákærða og Björns, áður en ákærði sló hann.

Sömu nótt og atburður þessi gerðist tók lögreglan skýrslu af vitninu Bjarna Jónssyni.

Kvaðst hann hafa setið í bifreið sinni á Gránufélagsgötu, skammt vestan við mót Geislagötu, og séð tvo menn og eina konu koma sunnan frá Sjálfstæðishúsinu og stansa, komin norður á gatnamótin. Hafi fólk þetta staðið um stund þarna á götunni, uns annar mannanna, sem hann frétti síðar, að var ákærði, ýtti við eða sló hinn manninn, Björn Þorkelsson, svo hann féll í götuna. Eftir að Björn féll, hafi ákærði kropið niður og slegið Björn mikið högg í bakið, en sparkað síðan í hann. Taldi Bjarni, að spörkin hefðu verið 2 eða 3 og þau komið í síðu Björns. Lögreglan hafi komið að í þessu.

Fjórum dögum síðar yfirheyrði lögreglan vitnið Hauk Leifsson bifreiðarstjóra. Kvaðst hann hafa ekið norður Geislagötu umrætt sinn og séð Björn Þorkelsson koma af vesturhluta götunnar og hlaupa nokkur skref norður á gatnamótin.

Ákærði hafi farið á eftir honum og reynt að slá hann eða slegið hann í hnakkann. Björn hafi verið með hendur í buxnavösum og hafi verið líkast því sem hann væri að víkja sér undan höggi eða höggum ákærða. Hvort heldur sem ákærði sló hann eða ekki, hafi Björn steypst fram fyrir sig á andlitið í götuna og ekki hreyft sig eftir það. Haukur kvaðst hafa verið 5 metrum sunnan við stað þann, sem Björn lá á, þegar hér var komið, og hafi ákærði þá beygt sig niður og slegið miklu höggi í bak eða herðar Björns. Síðan hafi hann sparkað í Björn, fyrst í fætur hans, síðan 2 högg, sennilega í síðu hans, og 1 högg í öxl hans, og kvaðst hann geta trúað því, að það högg hefði einnig lent í höfði Björns að einhverju leyti, þar sem höfuð hans hafi slengt til.

Bæði framangreind vitni hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar án þess að vinna eið að þeim.

Kærandinn, Björn Þorkelsson, kom fyrst fyrir dóminn hinn 8. ágúst 1973. Kvaðst hann hafa farið heiman að frá sér um kl. 2200 umrætt laugardagskvöld að Hótel KEA til þess að ræða við sænska tæknimenn, sem starfað höfðu með honum að undan-

förnu. Hann hafi gengið áleiðis heim til sín um kl. 2300, en hitt kunningja sinn úti fyrir dyrum Sjálfstæðishússins og farið með honum þar inn. Kvaðst hann hafa drukkið eitthvað af áfengi í Sjálfstæðishúsinu.

Björn tók fram, að hann myndi óljóst eftir sér í Sjálfstæðishúsinu og ekkert eftir því, að hann var sleginn. Hefði honum verið sagt, að ákærði hefði slegið sig niður og sparkað í sig liggjandi fyrir utan Sjálfstæðishúsið. Kvaðst hann ekki þekkja ákærða í sjón og minntist þess ekki að hafa rætt við hann, áður en til átakanna kom.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi hinn 13. ágúst 1973. Kvaðst hann hafa verið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu umrætt sinn ásamt unnustu sinni, Þóru Hildi Jónsdóttur. Með þeim hafi verið Arngrímur Brynjólfsson og vinkona hans, Jóhanna Magnúsdóttir. Hann og Arngrímur hafi drukkið talsvert af áfengi í Sjálfstæðishúsinu, en stúlkurnar lítið. Ekkert sérstakt hafi gerst á dansleiknum og hafi hann ekki séð Björn Þorkelsson þar. Hann þekki Björn í sjón, en hafi ekki haft kynni af honum.

Þau hafi farið af dansleiknum um kl. 0200 og gengið að Ráðhústorgi. Með honum hafi þá verið unnusta hans og Þóra Ellertsdóttir. Þau hafi síðan gengið til baka í áttina að Sjálfstæðishúsinu og Arngrímur slegist í hópinn á leiðinni. Við norðurhorn Sjálfstæðishússins, á mótum Geislagötu og Glerárgötu, hafi Björn Þorkelsson farið fram fyrir þau, snúið sér formálalaust að honum og sagt: „Er það satt, að mamma þín láti alla ríða sér?“ Björn hafi síðan bent á Arngrím og spurt sig, hvort það væri satt, að hún léti hann ríða sér.

Einnig hafi Björn haft klúryrði um móður hans og meðal annars kallað hana mellu og hóru.

Ákærði kvaðst ekki hafa svarað Birni einu orði og ætlað að leiða þetta hjá sér, en reiðst mjög, þegar Björn hélt áfram móðgandi orðbragði um móður hans. Hafi hann slegið Björn með krepptum hnefa á vangann og hann fallið við fram fyrir sig í götuna. Hann hafi beygt sig niður að Birni og slegið hann í bakið, en síðan sparkað í hann tvisvar sinnum, að hann minnti, í bakhluta og síðu.

Björn hafi ekki haft uppi neinar varnir, en reynt að koma fyrir sig höndum í fallinu, að hann minnti. Ákærði tók fram, að Björn hefði fallið aftur fyrir hann þannig, að hann hefði ekki séð, hvernig Björn féll í götuna.

Ákærði kvaðst hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis, þegar þetta gerðist, og Björn alldrukinn. Hann sagðist muna vel, hvað gerðist.

Hann mótmælti því, að hann hefði elt Björn, og sagði rangt, að hann hefði sparkað í öxl hans, eins og vitnið Haukur Leifsson hafði sagt.

Vitnin Arngrímur Brynjólfsson, fæddur 29. maí 1952, Þóra Hildur Jónsdóttir, unnusta ákærða, fædd 25. júní 1950, og Guðbjörg Þóra Ellertsdóttir, fædd 19. júlí 1950, hafa gefið skýrslur fyrir dómi, og kom fram hjá þeim öllum, að þau höfðu gengið norður Geislagötu með ákærða, þegar umræddur atburður gerðist.

Arngrímur sagði, að á mótum Geislagötu og Gránufélagsgötu, við hornið á Sjálfstæðishúsinu, hefði Björn Þorkelsson snarast fram fyrir þau, baðað út höndum og virst ör. Vitnið kvaðst hafa gengið við hlið ákærða og hafi Björn numið staðar fyrir framan þá. Virtist Björn beina orðum sínum að ákærða, þegar hann sagði: „Er það satt, að mamma þín láti ríða?“ Kvaðst vitninu hafa blöskrað að svo þessi talsmáti, að það hafi haldið áfram norður Geislagötu. Skömmu síðar hafi það snúið sér við til þess að huga að samferðafólki sínu og hafi þá séð, að Björn lá á götunni og ákærði að tala við lögregluþjón.

Vitnið kvaðst hafa verið vel við skál, þegar þetta gerðist, en taldi, að ákærði hefði verið minna drukinn.

Þóra Hildur Jónsdóttir sagði, að Björn Þorkelsson hefði undið sér fram fyrir þau, þegar þau voru komin norður fyrir Sjálfstæðishúsið í Geislagötu, og sagt formálalaust eitthvað á þessa leið: „Það getur verið, að ég sé Björn blápráður, en hitt veit ég, að mamma þín lætur alla ríða sér“. Björn hafi bent á ákærða, um leið og hann viðhafði þessi orð, en síðan á Arngrím og sagt eitthvað á þessa leið: „Og þú ríður henni líka“. Arngrímur hafi engu svarað, en fært sig frá. Vitnið kvaðst hafa sagt við ákærða, að hann skyldi koma og hlusta ekki á þessa vitleysu. Björn hafi haldið áfram svipuðu orðbragði og hafi ákærði slegið hann á kinnina, Björn hafi ríðað við og fallið á ennið á götuna, en borið fyrir sig hendur í fallinu. Ákærði hafi síðan slegið Björn eitt högg í bakið og sparkað í bakhluta hans eða síðu, einu sinni eða tvisvar, þar sem hann lá á götunni.

Vitnið sagði, að ákærði hefði verið talsvert við skál, þegar þetta gerðist, en alls ekki mikið drukinn. Það hafi ekki séð vín á Birni, en dregið þá ályktun af hegðun hans, að hann mundi drukinn.

Guðbjörg Þóra Ellertsdóttir sagði, að maður hefði snarast fram

fyrir þau og sagt formálalaust: „Þó að ég sé Bjössu blábráður, þá lætur mamma þín alla ríða sér“ og um leið bent á ákærða. Hann hafi einnig bent á Arngrím og sagt eitthvað á þessa leið: „Og þennan líka og hvern sem er“. Enginn hafi svarað Birni, en hann haldið áfram svívirðingum um móður ákærða og lagt hönd á brjóst hans, en þá hafi ákærði slegið hann á kjálkann. Taldi vitnið, að höggið hefði ekki verið mikið. Björn hafi ríðað við höggið, reynt að hlaupa nokkur skref, en síðan fallið fram fyrir sig á höfuðið og reynt að bera fyrir sig hendur í fallinu.

Ákærði hafi slegið Björn liggjandi eitt högg í bakið og sparkað í síðu hans eða bakhluta, líklega tvisvar sinnum, en síðan hætt af sjálfsdáðum.

Vitnið kvað ákærða hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis, en Björn greinilega drukkinn.

Verður nú greint frá þeim líkamsáverkum, sem Björn Þorkelson varð fyrir.

Björn var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þegar um nóttina og í sjúkraskrá sjúkrahússins segir m. a.: „Maður þessi er að því er virðist frekar hávaxinn, þrekinn mjög og liggur hann eins og slytti á borðinu, en hreyfir þó öðru hverju höndina til og slettir þeim þá eitthvað út í loftið. Hann er alblóðugur í andliti, og eru fót hans öll ötuð í blóðslettum og jafnframt er stórt gat á annarri buxnaskálminni. . . .

Gerði tilraun til að sauma saman sár, er maðurinn hafði framan á enni sér, og er það alltætt, en er gerð var tilraun til að gera að þessu, hreyfir maðurinn sig allmikið með höfði og slengir til höndunum og tekst því rétt að rimpa saman sárin með Ethilon. . . .

Þar sem óvíst er, hversu mikill alcoholfactor er hér með í spiliinu, en þá þykir rétt að leggja manninn inn til observationar, en það er auðsjáanlega eigi hægt nema að hafa lögregluvakt yfir manninum, og er fenginn lögregluþjónn til þess. . . .

Að morgni þess 27/5 er maðurinn í betra standi, og svarar hann spurningum, þegar á hann er yrt. Hann hefur þó retrograd amnesi. Pupillur reagera vel við ljósi og eru cirkulerar og Babinski er neikvæður bilateralt. Maðurinn hefur nú glóðarauga á báðum augum . . .“.

Um 10 dögum síðar þótti læknum sjúkrahússins ekki annað ráð vænna en senda Björn til frekari rannsóknar á taugasjúkdóma-deild Landspítalans með tilliti til þess, að „Sjúklingur kvartaði um þokusýn og sjónsviðstruflanir og augnconsultation studdi þetta, og viss grunur beindist að int. cranial blæðingu, sem eftir

áliti augnlæknis gæti verið lesio á occipital svæði vinstra megin . . .“.

Samkvæmt vottorði Sverris Bergmanns, sérfræðings í taugasjúkdómum, dags. 8. október 1973, hefur Björn legið á taugasjúkdómadeild Landspítalans frá 8. júní til 14. júní 1973. Í vottorðinu segir m. a.: „Við komu hingað á deildina var sj. allvel vakandi, áttaður á stað og stund, ljúfur og samvinnuþýður, en hann virtist stundum eiga ögn erfitt með mál (dysfasíu), og einnig virðist vera létt máttleysi h. megin í andliti. Annað var raunverulega ekki að finna athugavert. Teknar voru rtg. myndir af höfði, og sýndust þær eðlil., en EGG sýndi lélegan alfarythma v. megin og intermitterandi lágan deltafokus á miðtemporal svæði vi. megin. Ákveðið var að gera carotis angiografíu, og sýndi hún, að Björn var með svokallað subduralt hæmatom v. megin, en auk þess voru tilfærslur á æðum í heila, er bentu til þess, að hann væri með heilamar og heilabjúg á afmörkuðu svæði, í svonefndum lobus temporalis v. megin“. Síðar segir: „Hins vegar er það reynsla, að svo mikill heilaáverki sem sá, er Björn hlaut, er iðulega allengi að jafna sig og eink. um höfuðverk, svima, minnis- og einbeitingarleysi oft til staðar allangan tíma“.

Af Landspítala var Björn sendur á skurðlækningadeild Borgarspítalans, og var þar gerð skurðaðgerð vegna blæðingar undir heilahimnu. Vottorð um dvöl hans á Borgarspítalanum og aðgerð er skráð af Bjarna Hannessyni, sérfræðingi í taugaskurðlækningum, dagsett 26. október 1973. Kom Björn á spítalann 14. júní og var útskrifaður þaðan 22. júní 1973. Læknirinn lýsir aðgerðinni, en segir síðan í vottorði sínu: „Áverkar sj. voru því: Heilahristingur, 2 cm skurður yfir hægri augabrún og blæðing utan á heila undir heilahimnu yfir lobus temporalis vinstra megin“.

Þá liggja frammi tvö vottorð frá Lofti Magnússyni, augnlækni á Akureyri, hið fyrra dagsett 21. nóvember 1973, en hið síðara dagsett 14. apríl 1974. Í hinu fyrra vottorði segir m. a.:

„Undirritaður sá Björn nokkrum dögum eftir slysið, og var hann þá strax kominn með sjóntruflanir. Við næstu augnskoðun hérna þann 26/10 1973 var sjón á báðum augum 1.0 (\div 0,25). Hins vegar kom þá í ljós, að hann hafði sjónsviðseyðu niður og til hægri, eins á báðum augum, sem bendir til skaða á sjóntaugarbrautum í heila á því svæði, þar sem blæðingin lá yfir.

Eins og sakir standa veldur þetta honum verulegum óþægindum og truflunum í starfi“.

Í hinu síðara vottorði segir m. a.:

„Við skoðun 28/3 1974 var augnstatus svofelldur:

Sjón 1.0 (\div 0,25) á báðum augum. Augnhreyfingar eðlilegar.

Ekkert athugavert sást við augnspeglun. Við sjónsviðspróf (campimetry) kom fram eyða, sem nær yfir 75° eða $\frac{5}{6}$ af hægra, neðra fjórðungi sjónsviðs beggja augna.

Engin breyting er sjáanleg frá fyrri skoðun 26/10 1973, og er því ekki hægt að reikna með bata úr þessu, heldur verður að líta á þetta ástand sem varanlegt“.

Á grundvelli framangreindra læknisvottorða hefur Páll Sigurðsson læknir metið örorkuna 100% í 3 mánuði, 75% í næstu 3 mánuði, 50% næstu 6 mánuði, 35% næstu 6 mánuði og síðan 15% varanlega örorku.

III.

Með viðurkenningu ákærða og vætti vitna er sannað, að ákærði sló Björn Þorkelsson umrætt sinn hnefahögg í andlit, svo að Björn féll í götuna, og sló og sparkaði í hann þar liggjandi. Áverkar þeir, sem Björn hlaut og lýst er hér að framan, kunna að einhverju leyti að stafa af falli hans í götuna, en allt að einu verður talið, að áverkarnir stafi beint eða óbeint af höggi eða höggum ákærða. Eru áverkarnir slíkir sem lýst er í 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi ákærða hefur krafist sýknu af kröfum ákæruvaldsins með þeim rökum, að um nauðvörn hafi verið að ræða af hans hendi og að verknaður ákærða verði ekki lagður honum til lasts vegna sannsýnissjónarmiða.

Á þessar málsástæður verður ekki fallist. Að vísu verður að telja sannað með framburði ákærða og þriggja vitna, að Björn Þorkelsson hafi viðhaft þau orð um móður ákærða, sem lýst er hér að framan. Hins vegar verður atlagá ákærða að Birni hvorki talin hafa verið nauðsynleg til þess að verjast né afstýra hinu meiðandi orðbragði Björns né verður hún talin fyllilega réttlæt-anleg út frá sanngirnissjónarmiði. Verður hér einnig að hafa í huga, að ákærði hélt árásinni áfram, eftir að Björn féll óvigur í götuna, auk þess sem lögregluþjónar voru nærstaddir, þegar atburðurinn gerðist.

Þótt sjá megi af gögnum málsins, að orð Björns hafi verið mein-ingarlaus, enda þekkti hann ákærða ekki, og þau viðhöfð í ölvun-arástandi, hefur hann gerst sekur um alvarlegar meingerðir við móður ákærða og ákærða sjálfan, áður en ákærði hóf árásina.

Með vísan til þessa, aldurs ákærða og þess, að ákærði hefur

ekki áður gerst sekur um refsivert atferli, þykir eftir atvikum og 75. gr., sbr. einnig 4. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 heimilt að ákveða, að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærða og refsíákvörðun falli niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Þorsteins Vilhelmssonar, skal fresta og refsíákvörðun falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
